

gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndar. 170
2. sept.

C. Almenn ákvæði.

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 — tíu þúsund — krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð um meðferð og notkun rafmagns í Flateyrarhreppi frá 28. ágúst 1929.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnuáráðuneytið, 2. september 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um barnavernd á Akranesi.

171

2. sept.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Akraness er börnum yngri en 12 ára eigi leyfi-legt að vera á almannafæri seinna en kl. 21 á tímabilinu frá 20. september til 15. apríl, og ekki seinna en kl. 22 hinn tíma ársins, nema í fylgd með fullorðnum. Börn frá 12—14 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 22 á tímabilinu frá 20. september til 15. apríl, og ekki seinna en kl. 23 hinn tíma ársins, nema í fylgd með fullorðnum. Foreldrar og húsbændur barnanna skulu sjá um, að ákvæðum þessum sé framfylgt.

2. gr.

Unglingum innan 16 ára eru bannaðar óþarfa ferðir út í skip, sem liggja á höfninni.

3. gr.

Barnaverndarnefnd er heimilt að kynna sér kvikmyndasýningar, leiksýningar og aðrar opinberar sýningar á undan almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur sýningu skaðsamlega eða óholla sálarlífi barna, getur hún bannað að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni.

171 Unglingum innan 14 ára er óheimill aðgangur að opinberum kvikmyndasýningum, er hefjast eftir kl. 20 á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, nema í fylgd með foreldrum eða forráðamönnum.

4. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að opinberum dansleikjum. Undanskildir eru þó dansleikir, sem sérstaklega eru ætlaðir börnum og unglingum, svo og dansleikir innanfélags hjá æskulýðsfélögum og skólafélögum.

5. gr.

Unglingum innan 16 ára er óheimill aðgangur að öldrykkjustofum. Einnig er þeim óheimill aðgangur að almennum kaffistofum eftir kl. 21, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim. Eigendum og umsjónarmönnum ber að sjá svo um, að unglingar fái þar ekki aðgang eða hafist þar við.

6. gr.

Börnum á skólaskyldualdri er eigi leyfilegt að annast dreifingu og sölu blaða eða útburð bréfa meðan skóli starfar nema að fengnu samþykki barnaverndarnefndar.

7. gr.

Barnaverndarnefnd hefur heimild til að ákveða, að unglingar 12—16 ára skuli bera aldursskírteini.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að þremur árum. Auk refsingar má svipta mann réttindum samkv. almennum hegningarlögum, ef miklar sakir eru.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 29 1947, um vernd barna og ungmenna, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 2. september 1947.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.

172
9. sept.

AUGLÝSING

um breyting á flokkunarreglum og iðgjaldaskrá Brunabótafélags Íslands frá 15. okt. 1932.

Við 11. gr.:

3. málsgr. 2 falli niður.

4. málsgr. a 2 falli niður.

4. málsgr. b 2 falli niður.

Í stað þess komi svo hljóðandi ákvæði, sem verður niðurlag 11. gr.:

Iðgjald af lausafé skal vera hið sama og reiknað er af húsinu, sem lausaféð er geymt í. Þó skal ekki reikna viðaukagjald það, sem um ræðir í 4. gr.: $\frac{1}{2}\%$ og $\frac{3}{4}\%$.

Breyting þessi, sem gerð er samkv. lögum nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi frá og með 15. október 1947.

Félagsmálaráðuneytið, 9. september 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.